



Hafnarfirði 01.01.07

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2006

Stjórnarstarf

Stjórn SÍH hélt uppteknum hætti með því að marka sér stefnu og setja sér markmið í upphafi árs. Að venju voru markmiðin metnaðarfull. Meðal þeirra markmiða sem náðust var að félagið átti Íslandsmeistara í einstaklings- og liðakeppni ásamt Bikarmeistara STÍ árið 2006.

Stjórnarfundir

Stjórn SÍH hélt átta stjórnarfundir á árinu, auk annarra funda tengda mótahaldi og komu erlendra gesta.

Daglegur rekstur

Rekstur félagsins var með sama sniði og áður. Bókhald var uppfært mánaðarlega og uppgjör fyrir árið var komið á vefsetur félagsins 1. janúar. Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins.

Félagsfundir

Ívar Erlendsson hélt sitt árlega námskeið í keppnisreglum í SKEET sem að þessu sinni var formlegt dómarnámskeið á vegum STÍ. Námskeiðinu lauk með prófi þar sem meðal annarra voru fjórir félagsmenn SÍH sem stóðust prófið. Félagið hefur því yfir að ráða fimm dómörum. Þeir eru: Ívar Erlendsson með alþjóðleg réttindi og reyndasti dómari landsins, Kristinn Rafnsson, landsdómari, Örn Valdimarsson, landsdómari, Sigurbór Jóhannesson, landsdómari og Friðrik Þór Hjartarson, héraðsdómari.

Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2006 og var þátttaka góð. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 6.000 kr. Þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði loknu. Sérstökum kvennaæfingum var

haldið úti allt sumarið en þátttaka var lítil.

Íslands- og bikarmeistara SÍH 2006

Eins og áður er komið fram var eitt af markmiðum SÍH að eignast Íslands og bikarmeistara árið 2006. Að þessu sinni gekk það allt eftir og félagið hampaði öllum titlum sem í boði voru á árinu.

Íslandsmeistari 2006 er Örn Valdimarsson í einstaklingskeppni og þeir Örn Valdimarsson, Bjarni Viðar Jónsson og Sigurþór Jóhannesson urðu Íslandsmeistarar í sveitakeppni. Sigurþór Jóhannesson varð Bikarmeistari STÍ annað árið í röð. Sigurþór varð einnig Skotmaður SÍH 2006. Sigurþór gerð fleiri frábæra hluti á árinu því hann gerði sér lítið fyrir og náði þriðja sæti á nýju Íslandsmeti á alþjóðlegu mót í Bisley Grand Prix 2006. Hann náði tvisvar sinnum Olympíulágmarki og vann sér rétt til þátttöku og keppti á World Cup í Suhl í Þýskaland ásamt Erni Valdimarssyni. Sigurþór var af hálfu stjórnar SÍH tilnefndur til ÍBH sem afreksmaður SÍH 2006. Sigurþór var einnig tilnefndur sem Íþróttamaður ársins 2006 af hálfu STÍ. Sannarlega glæsilegur árangur.

Keppnisferðir

- Tveir félagsmenn héldu uppteknum hætti og fóru í keppnisferð til Jetsmark í Danmörku síðastliðið sumar og stóðu sig með prýði.
- Sigurþór Jóhannesson fór til Bisley og gerði garðinn frægan eins og áður segir.
- Sigurþór Jóhannesson og Örn Valdimarsson kepptu á heimsbikarmótinu í Suhl í Þýskalandi.

Starfleyfi vegna Iðavalla

Starfsleyfi vegna Iðavalla rann út á síðasta ári og hefur það nú verið endurnýjað á sömu forsendum til þriggja ára.

Félagatal

Þeir sem greiddu félagsgjald fyrir árið 2006 eru 101 í ár sem er heldur færri en á síðasta ári þó töluverð endurnýjun hafi orðið í félaginu. Það er því nokkuð ljóst að mikið vantar af að eldri félagar séu virkir.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót

Samtals voru skráðir 42 þátttakendur í 9 landsmót á árinu 2006 auk þess að félagsmenn sóttu mót erlendis. Félagið hélt eitt venjulegt landsmót og SÍH open sem var haldið í annað sinn í byrjun júlí. Erlendir þátttakendur á SÍH open voru aðeins tveir og komu í boði félagsins frá Danmörku. Auk þess komu tveir keppendur frá Danmörku á Landsmótið sem félagið hélt þann 13. maí.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru fjögur þar sem samtals 34 þátttakendur voru skráðir til leiks. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð eins og áður sagði Skotmaður Hafnarfjarðar árið 2006, Sigurþór Jóhannesson.

Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga þeir rétt á að sækja um styrki sem eru greiddir út með fríum hringjum.
- Það sama á við um ferðastyrki erlendis
- Þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til góða þar sem samtals stóðu 11 keppnismönnum til boða 1820 hringir að andvirði 455.000- á árinu
- Styrkir sem ekki hafa verið sóttir fyrir áramót á úthlutunarárinu falla niður.

Skýrsla skemmtinefndar

Heilmikil veisla var haldin að venju að loknu SÍH open, þar sem á matseðlinum voru grilluð lambalæri.

Tvær herlegar veislur voru haldnar í tengslum við mót með erlendum gestum. Gestgjafar voru Örn Valdimarsson og Friðrik Þór Hjartarson og eru þeim færðar innilegustu þakkir fyrir framtakið.

Skýrsla vallarnefndar

- Stjórn SÍH ítrekaði umsókn sína um stækkun félagsheimilisins en fékk neitun frá bæjaryfirvöldum af ýmsum undarlegum orsökum m.a að ekki væri búið að deiluskipuleggja svæðið, frárennismál, eldhús aðstöðu og fl. þrátt fyrir að bærinn hafi ekki ennþá útvegað rafmagn, vatn eða frárennsli eins og lög gera ráð fyrir. Málið hefur verið allt hið undarlegasta og of langt mál að rekja það hér. Hinsvegar er búið að steypa undirstöður undir væntanlega viðbyggingu, búið að smíða útveggjaeiningarnar og ný umsókn, með greinagerð verður lögð inn strax eftir áramót.
- Viðhald á Iðavöllum var í mjög góðu lagi og ástand eigna gott.
- Búið er að setja upp slökkvitækjum og sjúkrakassa.
- Stjórn SÍH hefur átt viðræður við bæjaryfirvöldum varðandi rafmagn, stækkun á félagsheimili og stækkun á Iðavöllum ásamt annarri aðkomuleið en yfir æfinga og keppnissvæði

Kvartmíluklúbbsins. Fundað hefur verið um málið með akstursíþróttafélögunum, bæjaryfirvöldum og Landmótun sem sér um skipulagsvinnu á svæðinu. Allar líkur eru á að málið sé komið í farsælan farveg , þó ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.

- Gunnar Svavarsson gaf vilyrði fyrir því á fundi með fulltrúum SÍH og Kvartmíluklúbbsins að félögin fengju rafmagn snemma á árinu 2007.
- Á árinu 2006 var skotið um það bil 131 þúsund leirdúfum og er það heldur meira magn en á síðastliðnum árum. Ekki er ástæða til að áætla mikla breytingu á milli ára.
- Rafstöðin sem var farin að slappast og var tekin og skveruð upp.

Félagið hélt úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Árangrar og aðrar fréttir birtar eins fljótt og mögulegt er. Einnig var komið upp nýju myndaalbúmi sem gerir alla myndvinnslu mun auðveldari en áður. Einnig er þar að finna aðgang að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH tæplega 13.000 á árinu 2006.

Virðingarfyllt
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen
formaður SÍH